

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/581**

2021/EES/78/17

frá 24. júní 2016

**um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um stöðustofnunaraðgang vegna viðskiptavettvanga og miðlægra mótaðila (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum 6. mgr. 35. gr. og 6. mgr. 36. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni ættu miðlægir mótaðilar (CCPs) sem og viðskiptavettvangar eingöngu að geta synjað beiðni um aðgang að miðlægum mótaðila eða viðskiptavettvangi hafi þeir hafa gert allar eðlilegar ráðstafanir til að stýra áhættunni sem leiðir af veitingu þessa aðgangs en áfram er til staðar veruleg óviðunandi áhætta.
- 2) Synji miðlægur mótaðili eða viðskiptavettvangur beiðni um aðgang í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 600/2014 verður hann að færa haldgóð rök fyrir þeirri ákvörðun sem þýðir að tilgreina verður hvernig viðkomandi áhætta sem leiðir af veitingu aðgangs muni við sérstakar aðstæður vera óviðráðanleg og að áfram verði til staðar veruleg óviðunandi áhætta. Rétt leið til þess er sú að aðilinn sem synjar um aðgang skýri á greinargóðan hátt breytingarnar í áhættustýringu sem myndi leiða af veitingu aðgangs, hvernig hann myndi þurfa að stýra áhættunni samfara breytingum í framhaldi af veitingu aðgangs og útskýri áhrifin á starfsemi sína.
- 3) Í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 er ekki gerður greinarmunur á þeirri áhættu sem miðlægir mótaðilar og viðskiptavettvangar standa frammi fyrir þegar aðgangur er veittur og sem tekur til sömu almennu flokkunarskilyrðanna og þeirra sem viðskiptavettvangar og miðlægir mótaðilar taka til athugunar þegar beiðnir um aðgang eru metnar. Þar sem starfsemi miðlægra mótaðila er annars eðlis en starfsemi viðskiptavettvanga getur áhætta sem stafar af veitingu aðgangs hins vegar haft ólík áhrif í reynd á miðlæga mótaðila og viðskiptavettvanga, og þar af leiðandi kallað á nálgun sem greinir á milli miðlægra mótaðila og viðskiptavettvanga.
- 4) Þegar lögbært yfirvald metur hvort aðgangur kann að ógna snurðalausri og eðlilegri virkni markaðanna eða haft neikvæð áhrif á kerfisáhættu ætti það að taka til athugunar hvort miðlægi mótaðilinn eða viðskiptavettvangurinn sem um ræðir hafi yfir að ráða fullnægjandi áhættustýringaraðferðum, þ.m.t. að því er varðar rekstrarlegar og lagalegar áhættur, til að koma í veg fyrir að aðgangssamningurinn skapi verulega óviðunandi áhættu fyrir þriðju aðila sem ekki er hægt að milda.
- 5) Skilmálarnir fyrir að heimila aðgang ættu að vera sanngjarnir og án mismununar svo ekki sé grafið undan tilganginum með aðgangi án mismununar. Ekki ætti að heimila innheimtu gjalda sem hefur mismunun í för með sér, til að aftra aðgangi. Af ástæðum sem rökstuddar eru á hlutlægan hátt geta gjöld þó verið mismunandi, s.s. þegar kostnaðurinn við að koma á aðgangsfyrirkomulaginu er hærrí. Þegar aðgangur er veittur stofnast bæði einskiptiskostnaður, s.s. vegna mats á lagaskilyrðum, og viðvarandi kostnaður fyrir miðlæga mótaðila og viðskiptavettvanga. Þar sem líklegt er að umfang aðgangsbeiðninnar og tengdur kostnaður við að koma á aðgangssamningnum verði mismunandi í hverju tilviki fyrir sig þykir ekki rétt að taka sérstaklega fyrir úthlutun kostnaðar á milli miðlæga mótaðilans og viðskiptavettvangsins í þessari reglugerð. Úthlutun kostnaðar er þó mikilvægur þáttur aðgangssamnings og þess vegna ættu báðir aðilar að tilgreina greiðslufyrirkomulag kostnaðar í þeim samningi.
- 6) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 <sup>(2)</sup> ætti miðlægur mótaðili sem óskar að færa út rekstur sinn með viðbótarþjónustu eða -starfsemi, sem ekki fellur undir upphaflega starfsleyfið, að leggja fram

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 212. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(1) Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

beiðni um rýmkun á starfsleyfi. Þörf er á rýmkun starfsleyfis þegar miðlægur mótaðili hefur í hyggju að bjóða stöðustofnunarþjónustu fyrir fjármálagninga með ólík áhættusnið eða sem eru verulega ólíkir núverandi afurðamegni miðlæga mótaðilans. Þegar samningur sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi sem miðlægur mótaðili hefur veitt aðgang er í flokki fjármálagninga sem falla undir fyrirbyggjandi starfsleyfi miðlæga mótaðilans og hefur þess vegna svipuð áhættueinkenni og samningarnir sem miðlægi mótaðilinn hefur þegar stöðustofnað ætti að telja slíkan samning vera fjárhagslega jafngildan.

- 7) Til að tryggja að miðlægur mótaðili beiti ekki kröfum sem hafa mismunun í för með sér, um veð og tryggingarþekju á samninga sem eru jafngildir fjárhagslega og sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi sem fengið hefur aðgang að miðlæga mótaðilanum ætti sérhver breyting á tryggingarþekjuaðferðafræðinni og rekstrarkröfunum varðandi tryggingarþekju og skuldajöfnun sem beitt er á fjárhagslega jafngilda samninga sem miðlægi mótaðilinn hefur þegar stöðustofnað, að falla undir endurskoðun af hálfu áhættunefndar miðlæga mótaðilans og vera talin umtalsverð breyting á líkönunum og breytunum að því er varðar endurskoðunina sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Við slíka endurskoðun ætti að sannreyna að nýju líkönin og breyturnar séu án mismununar og byggi á viðeigandi athugunum á áhættu.
- 8) Með reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er komið í veg fyrir samkeppnisraskanir með því að gera kröfu um aðgang án mismununar að miðlægum mótaðilum sem bjóða viðskiptavettvöngum stöðustofnun á OTC-afleiðum. Jafnframt er með reglugerð (ESB) nr. 600/2014 viðurkennd þörfin á að innleiða svipaðar kröfur fyrir skipulega markaði. Að því gefnu að miðlægur mótaðili geti stöðustofnað bæði OTC-afleiður og afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi ætti meðferð án mismununar á samningum sem eru fjárhagslega jafngildir og sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi sem óskar eftir aðgangi að miðlægum mótaðila að taka tillit til allra viðkomandi samninga sem sá miðlægi mótaðili hefur stöðustofnað, án tillits til hvar viðskipti eru með samningana.
- 9) Tilkynningu af hálfu viðkomandi lögbærs yfirvalds til fagráðs miðlæga mótaðilans og Evrópsku verðbréfamarkaðs-efirlitsstofnunarinnar (ESMA) um samþykki á umbreytingarfyrirkomulagi miðlægs mótaðila í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ætti að senda án ótilhlýðilegrar tafar í því skyni að aðstoða önnur viðkomandi lögbær yfirvöld við að skilja áhrifin sem þetta hefur á miðlæga mótaðilann og þá viðskiptavettvanga sem eru í nánnum tengslum við þann miðlæga mótaðila. Tilkynningin ætti að hafa að geyma allar viðkomandi upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gera fagráði miðlæga mótaðilans og Evrópsku verðbréfamarkaðs-efirlitsstofnuninni kleift að skilja ákvörðunina og til að auka gagnsæi.
- 10) Skýrar kröfur varðandi upplýsingarnar sem miðlægir mótaðilar og viðskiptavettvangar eiga að veita þegar tilkynning er send til lögbærra yfirvalda og Evrópsku verðbréfamarkaðs-efirlitsstofnunarinnar um að þau óski eftir að nýta sér umbreytingarfyrirkomulag í samræmi við 35. og 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ættu að stuðla að gagnsæi og samræmdri beitingu á tilkynningaraðferðinni. Þess vegna er nauðsynlegt að tilhögun tilkynninga feli í sér samræmd sniðmát fyrir tilkynningarnar til að gera samkvæma og samræmda eftirlitsframkvæmd mögulega.
- 11) Mikilvægt er að forðast áhættuna af því að stærri viðskiptavettvangar sem nota reiknaaðferðir sem lágmarka árlega grundvallarfjárhæð sína í því skyni að nýta sér undanþágufyrirkomulagið að því er varðar aðgangssákvæðin. Ef til eru aðrar jafngildar aðferðir til að reikna út grundvallarfjárhæð er hægt að komast hjá þeirri áhættu með því að nota útreikninginn sem gefur hærra gildi. Aðferðirnar sem notaðar eru fyrir útreikning á grundvallarfjárhæð að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 600/2014 ættu að gera viðskiptavettvöngum sem sannarlega eru minni og sem enn hafa ekki náð tæknilegri getu til jafns við meirihluta eftirviðskiptainviðamarkaðarins, kleift að nýta sér undanþágufyrirkomulagið. Einnig er mikilvægt að aðferðirnar sem mælt er fyrir um séu afráttarlausar og ótvíræðar til að stuðla að samkvæmni og samræmdri eftirlitsframkvæmd.
- 12) Mikilvægt er fyrir viðskiptavettvanga að gæta samkvæmni í útreikningi á grundvallarfjárhæð sinni að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 600/2014 svo þeir geti beitt aðgangssákvæðunum á sanngjarnan hátt. Þetta skiptir einkum máli fyrir tilteknar tegundir af afleiðum sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi í mælieiningum, t.d. tunnum eða tonnum.
- 13) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 600/2014 komi til framkvæmda frá og með sama degi. Til að tryggja að miðlægir mótaðilar og viðskiptavettvangar geti nýtt sér umbreytingarfyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 35. gr. og 5. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 ættu þó tiltekin ákvæði þessarar reglugerðar að gilda frá gildistökudegi hennar.

- 14) Ákvæðin í þessari reglugerð eru nátengd þar sem þau fást við aðgangssynjun og veitingu aðgangs að miðlægum mótaðilum og viðskiptavettvöngum, þ.m.t. ferlið við undanþágu frá aðgangskröfunum fyrir miðlæga mótaðila og viðskiptavettvanga sem sett er fram í þessari reglugerð. Til að tryggja samræmi milli þessara ákvæða sem flest ættu að öðlast gildi á sama tíma og til að auðvelda heildaryfirsýn og þægilegt aðgengi að þeim fyrir einstaklinga sem falla undir þessar skuldbindingar, er æskilegt að hafa tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem krafist er skv. 6. mgr. 35. gr. og 6. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 í einni reglugerð.
- 15) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 16) Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álit hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(1)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## I. KAFLI

### AÐGANGUR ÁN MISMUNUNAR AÐ MIÐLÆGUM MÓTAÐILUM OG VIÐSKIPTAVETTÖNGUM

#### 1. ÞÁTTUR

##### *Aðgangur án mismununar að miðlægum mótaðilum*

##### *1. gr.*

##### **Skilyrði fyrir synjun miðlægs mótaðila um aðgang**

1. Miðlægur mótaðili skal meta hvort veiting aðgangs myndi hafa í för með sér einhverja þá áhættu sem tilgreind er í 2., 3. og 4. gr. og er honum því aðeins heimilt að synja um aðgang að hann hafi komist að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa gert allar eðlilegar ráðstafanir til að stýra áhættu sinni, að til staðar sé veruleg óviðunandi áhætta sem ekki er unnt að stýra.
2. Synji miðlægur mótaðili um aðgang skal hann tilgreina hvaða áhætta sem tiltekin er í 2., 3. og 4. gr. myndi leiða af veitingu aðgangs og útskýra hvers vegna ekki er unnt að stýra þeirri áhættu.

##### *2. gr.*

##### **Synjun miðlægs mótaðila um aðgang sem byggist á væntu magni viðskipta**

Miðlægur mótaðili er því aðeins heimilt að synja beiðni um aðgang á grundvelli vænts magns viðskipta sem myndi hljótast af slíkum aðgangi að það myndi valda einu af eftirfarandi:

- a) farið yrði fram úr stærðarsveigjanleika (e. *scalable design*) miðlæga mótaðilans að því marki að miðlægi mótaðilinn gæti ekki aðlagð kerfi sín til að taka við væntu magni viðskipta,
- b) farið yrði fram úr áætlaðri getu miðlæga mótaðilans þannig að miðlægi mótaðilinn gæti ekki byggt upp þá aukagetu sem þörf yrði á til að stöðustofna vænt magn viðskipta.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

*3. gr.***Aðgangssynjun miðlægs mótaðila á grundvelli rekstraráhættu og flækjustígs**

Miðlægum mótaðila er heimilt að synja beiðni um aðgang á grundvelli rekstraráhættu og flækjustígs.

Eftirfarandi skal teljast til rekstraráhættu og flækjustígs:

- a) ósamrýmanleiki upplýsingatæknikerfa miðlægs mótaðila og viðskiptavettvangs sem torveldar miðlæga mótaðilanum að veita tengingu milli kerfanna,
- b) skortur á starfsfólki með nauðsynlega þekkingu, hæfni og reynslu til að annast hlutverk miðlæga mótaðilans hvað varðar áhættuna sem leiðir af viðbótarfjármálagerningum þegar þeir eru ólíkir þeim fjármálagerningum sem miðlægi mótaðilinn er að stöðustofna þá þegar eða skortur á getu til að nýta slíkt starfsfólk.

*4. gr.***Aðgangssynjun miðlægs mótaðila á grundvelli annarra þátta sem valda verulegri óviðunandi áhættu**

1. Miðlægum mótaðila er heimilt að synja beiðni um aðgang á grundvelli verulegrar óviðunandi áhættu ef eitthvert af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- a) miðlægi mótaðilinn býður ekki upp á stöðustofnunarþjónustu að því er varðar fjármálagerningana sem beðið er um aðgang fyrir og myndi ekki með eðlilegu móti geta hafið stöðustofnunarþjónustu í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í II., III. og IV. bálki reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
- b) veiting aðgangs myndi ógna fjárhagslegri afkomu miðlæga mótaðilans eða getu hans til að uppfylla lágmarkseiginfjárkröfur skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,
- c) lagaleg áhætta er til staðar,
- d) ósamrýmanleiki er á milli reglna miðlæga mótaðilans og reglna viðskiptavettvangsins sem miðlægi mótaðilinn getur ekki ráðið bót á í samstarfi við viðskiptavettvanginn.

2. Miðlægum mótaðila er heimilt að synja beiðni um aðgang á grundvelli lagalegrar áhættu eins og um getur í c-lið 1. mgr. ef miðlæga mótaðilanum yrði ekki kleift, vegna veitingar aðgangsins, að framfylgja reglum sínum að því er varðar skuldajöfnun til uppgjörs og vanskilafæri eða yrði ókleift að stýra áhættu sem myndi leiða af samhliða notkun mismunandi líkana fyrir samþykki viðskipta.

*2. ÞÁTTUR****Aðgangur án mismununar að viðskiptavettvöngum****5. gr.***Skilyrði fyrir synjun viðskiptavettvangs um aðgang**

1. Viðskiptavettvangur skal meta hvort veiting aðgangs myndi hafa í för með sér einhverja þá áhættu sem tilgreind er í 6. og 7. gr. og er honum því aðeins heimilt að synja um aðgang að viðskiptavettvangurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa gert allar eðlilegar ráðstafanir til að stýra áhættu sinni, að til staðar sé veruleg óviðunandi áhætta sem ekki er unnt að stýra.
2. Synji viðskiptavettvangur um aðgang skal hann tilgreina hvaða áhætta sem tiltekin er í 6. og 7. gr. leiðir af veitingu aðgangs og hvers vegna sé ókleift að stýra þeirri áhættu.

*6. gr.***Aðgangssynjun viðskiptavettvangs á grundvelli rekstraráhættu og flækjustigs**

Viðskiptavettvangi er því aðeins heimilt að synja aðgangsbæði á grundvelli rekstraráhættu og flækjustigs sem leiðir af slíkum aðgangi að hætta sé á ósamrýmanleika milli upplýsingatæknikerfa miðlæga mótaðilans og upplýsingatæknikerfa viðskiptavettvangsins, sem torveldar viðskiptavettvangnum að veita tengingu milli þessara kerfa.

*7. gr.***Aðgangssynjun viðskiptavettvangs á grundvelli annarra þátta sem valda verulegri óviðunandi áhættu**

Viðskiptavettvangi er heimilt að synja aðgangsbæði á grundvelli verulegrar óviðunandi áhættu í hverju eftirfarandi tilviki:

- a) ógn við fjárhagslega afkomu viðskiptavettvangsins eða getu hans til að uppfylla lágmarkseiginfjárkröfur skv. f-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB <sup>(1)</sup>,
- b) ósamrýmanleiki milli reglna viðskiptavettvangsins og reglna miðlæga mótaðilans sem viðskiptavettvangurinn getur ekki ráðið bót á í samstarfi við miðlæga mótaðilann.

*8. gr.***Aðstæður þar sem aðgangur er talinn ógna snurðulausri og eðlilegri virkni markaða eða hafa neikvæð áhrif á kerfisáhættu**

Auk tvístrunar seljanleika, eins og hún er skilgreind í 45. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, að því er varðar b-lið 4. mgr. 35. gr. og b-lið 4. mgr. 36. gr. þeirrar reglugerðar, skal veiting aðgangs teljast ógna snurðulausri og eðlilegri virkni markaða, eða hafa neikvæð áhrif á kerfisáhættu, ef lögbæra yfirvaldið getur tilgreint ástæður fyrir synjuninni, þ.m.t. gögn sem sýna fram á að áhættustýringarferli annars eða beggja aðilanna að baki aðgangsbæðinni dugi ekki til að fyrirbyggja að veiting aðgangs skapi verulega óviðunandi áhættu fyrir þriðju aðila, og að engar aðgerðir til úrbóta séu tiltækar sem geti mildað þessa áhættu nægjanlega.

## II. KAFLI

**AÐSTÆÐUR ÞAR SEM HEIMILA SKAL AÐGANG***9. gr.***Aðstæður þar sem heimila skal aðgang**

1. Aðilarnir skulu semja um réttindi sín og skyldur sem leiða af veittum aðgangi, þ.m.t. um gildandi lög um samband þeirra. Skilmálar aðgangssamningsins skulu:
  - a) vera skilgreindir með skýrum hætti, gagnsæir, gildir og framfylgjanlegir,
  - b) tilgreina hvernig viðskiptum á viðskiptavettvangnum verður úthlutað til miðlæga mótaðilans sem er aðili samningsins ef tveir eða fleiri miðlægir mótaðilar hafa aðgang að viðskiptavettvangnum,
  - c) hafa að geyma skýrar reglur um hvenær greiðslufyrirmæli teljast komin inn í viðkomandi kerfi, skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB <sup>(2)</sup>, og hvenær þau verða óafturkallanleg,
  - d) hafa að geyma reglur um uppsögn aðila á aðgangssamningnum, sem skulu:
    - i. kveða á um uppsögn með skipulegum hætti sem veldur ekki öðrum aðilum óþarfa viðbótaráhættu, þ.m.t. skýrt og gagnsætt fyrirkomulag við meðferð og skipuleg slit gerðra samninga og staðna samkvæmt aðgangssamningnum sem opnar voru við uppsögn hans,

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

<sup>(2)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjútíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).

- ii. tryggja að viðkomandi aðili fái eðlilegan tíma til að bæta úr broti sem ekki gefur tilefni til tafarlausrar uppsagnar samnings,
  - iii. heimila uppsögn ef áhætta eykst með þeim hætti að hún hefði réttlætt synjun aðgangs í upphafi,
- e) tilgreina fjármálagerningana sem falla undir aðgangssamninginn,
  - f) tilgreina hvað einskiptiskostnaður og viðvarandi kostnaður vegna aðgangsbeiðinnar nær yfir,
  - g) hafa að geyma ákvæði um kröfur og skuldbindingar sem leiða af aðgangssamningnum.
2. Í skilmálum aðgangssamningsins skal þess krafist að aðilar samningsins komi á fullnægjandi stefnum, verklagi og kerfum til að tryggja eftirfarandi:
- a) tímanleg, áreiðanleg og örugg samskipti milli aðilanna,
  - b) fyrirframsamráð við hinn aðilann ef breytingar á starfsemi annars hvors aðilans eru líklegar til að hafa veruleg áhrif á aðgangssamninginn eða áhættuna sem hinn aðilinn er útsettur fyrir,
  - c) tímanlega tilkynningu til hins aðilans áður en breyting er framkvæmd, í tilvikum sem b-liður nær ekki yfir,
  - d) lausn deilumála,
  - e) uppgötvun, eftirlit með og stýringu á mögulegri áhættu sem leiðir af aðgangssamningnum,
  - f) að viðskiptavettvangurinn fái í hendur allar nauðsynlegar upplýsingar til að uppfylla skyldur sínar varðandi eftirlit með opnum stöðum (e. *open interest*),
  - g) staðfestingu miðlæga mótaðilans á afhendingu hrávara sem gerðar eru upp efnislega (e. *physically*).
3. Viðkomandi aðilar að aðgangssamningnum skulu tryggja eftirfarandi:
- a) að viðhlítandi áhættustýring sé viðhöfð þegar aðgangur er veittur,
  - b) að upplýsingunum sem veittar eru í aðgangsbeiðninni sé haldið uppfærðum út gildistíma aðgangssamningsins, þ.m.t. upplýsingar um verulegar breytingar,
  - c) að óopinberar og viðskiptalega viðkvæmar upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar sem veittar eru meðan á þróunaráfanga fjármálagerningsins stendur, sé eingöngu heimilt að nota í þeim tiltekna tilgangi sem þær eru veittar í og einungis sé heimilt að aðhafast á grundvelli þeirra í þeim tiltekna tilgangi sem aðilarnir hafa samið um.

#### 10. gr.

#### **Gagnsæ stöðustofnunargjöld án mismununar sem miðlægir mótaðilar innheimta**

1. Miðlægur mótaðili skal eingöngu innheimta gjöld fyrir stöðustofnunarviðskipti sem framkvæmd eru á viðskiptavettvangi sem hann hefur veitt aðgang á grundvelli hlutlægra viðmiða sem gilda um alla stöðustofnunaðila og, ef við á, viðskiptavini. Í þessum tilgangi skal miðlægur mótaðili láta alla stöðustofnunaðila og, ef við á, viðskiptavini falla undir sömu gjaldskrá og afslætti og skulu gjöld hans ekki háð viðskiptavettvanginum þar sem viðskiptin fara fram.
2. Miðlægur mótaðili skal eingöngu leggja gjöld á viðskiptavettvang í tengslum við aðgang á grundvelli hlutlægra viðmiða. Í þessum tilgangi skulu sömu gjöld og afslættir gilda um alla viðskiptavettvanga með aðgang að miðlæga mótaðilanum að því er varðar sömu eða svipaða fjármálagerninga, nema unnt sé á hlutlægan hátt að réttlæta mismunandi gjaldskrár.
3. Í samræmi við 38. gr. reglugerð (ESB) nr. 648/2012 skal miðlægur mótaðili tryggja að greiður aðgangur sé að gjaldskránum sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, þær séu auðkenndar á fullnægjandi hátt eftir þjónustu sem veitt er og nægjanlega ítarlegar til að tryggja að gjaldtaka sé fyrirsjáanleg.

4. Ákvæði 1. til 3. mgr. skulu gilda um gjöld sem innheimt eru til að mæta einskiptiskostnaði og viðvarandi kostnaði.

*11. gr.*

#### **Gagnsæ gjöld án mismununar sem viðskiptavettvangur innheimta**

1. Viðskiptavettvangur skal eingöngu innheimta gjöld í tengslum við aðgang á grundvelli hlutlægra viðmiða. Í þessum tilgangi skulu sömu gjöld og afslættir gilda um alla miðlæga mótaðila með aðgang að viðskiptavettvangnum að því er varðar sömu eða svipaða fjármálagerninga, nema unnt sé á hlutlægan hátt að réttlæta mismunandi gjaldskrár.
2. Viðskiptavettvangur skal tryggja að greiður aðgangur sé að gjaldskránum sem um getur í 1. mgr., að gjöldin séu auðkennd á fullnægjandi hátt eftir þjónustu sem veitt er og upplýsingar um þau séu nægjanlega ítarlegar til að tryggja að gjöldin sem stofnað er til séu fyrirsjáanleg.
3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um öll gjöld sem tengjast aðgangi, þ.m.t. þau sem innheimt eru til að standa straum af einskiptiskostnaði og viðvarandi kostnaði.

### **III. KAFLI**

#### **SKILYRÐI FYRIR MEÐFERÐ SAMNINGA ÁN MISMUNUNAR**

*12. gr.*

#### **Kröfur um veð og tryggingar í samningum sem eru jafngildir fjárhagslega**

1. Miðlægi mótaðilinn skal ákvarða hvort samningar sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi sem hann hefur veitt aðgang séu fjárhagslega jafngildir samningum með svipuð áhættueinkenni sem miðlægi mótaðilinn hefur þegar stöðustofnað.
2. Að því er varðar þessa grein skal miðlægur mótaðili telja alla samninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangnum sem hann hefur veitt aðgang og eru í flokki fjármálagerninga sem falla undir starfsleyfi miðlæga mótaðilans sem um getur í 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eða undir síðari rýmkun á starfsleyfi sem um getur í 15. gr. þeirrar reglugerðar, vera fjárhagslega jafngilda samningunum í viðkomandi flokki fjármálagerninga sem miðlægi mótaðilinn hefur þegar stöðustofnað.
3. Miðlægum mótaðila er heimilt að telja samning sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangnum sem hann hefur veitt aðgang og er með umtalsvert ólíku áhættusniði eða verulega frábrugðinn samningunum sem miðlægi mótaðilinn hefur þegar stöðustofnað í viðkomandi flokki fjármálagerninga ekki vera fjárhagslega jafngildan ef miðlægi mótaðilinn hefur fengið rýmkun á starfsleyfi skv. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar þann samning og í tengslum við aðgangsbeiðni þess viðskiptavettvangs.
4. Miðlægur mótaðili skal beita sömu aðferðum að því er varðar veð og tryggingar á fjárhagslega jafngilda samninga sem um getur í 1. mgr., án tillits til þess hvar viðskipti eru með samningana. Miðlægur mótaðili skal eingöngu láta stöðustofnun fjárhagslega jafngilds samnings sem um getur í 1. mgr. falla undir breytingar sem gerðar eru á áhættulíkani og -breytum miðlæga mótaðilans ef það er nauðsynlegt til að milda áhættuþættina í tengslum við þann viðskiptavettvang eða samningana sem viðskipti eru með þar. Slíkar breytingar skulu teljast verulegar breytingar á líkónum og kennistærðum miðlæga mótaðilans sem um getur í 28. og 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

*13. gr.*

#### **Skuldajöfnun samninga sem eru jafngildir fjárhagslega**

1. Miðlægur mótaðili skal beita sömu jöfnunaraðgerðum á samninga sem eru jafngildir fjárhagslega og sem um getur í 1. mgr. 12. gr., án tillits til þess hvar viðskipti voru með samningana, að því tilskildu að hver jöfnunaraðgerð sem hann beitir sé gild og framfylgjanleg í samræmi við tilskipun 98/26/EB og viðkomandi gjaldþrotalög.

2. Miðlægur mótaðili sem telur að lagaleg áhætta eða grunnáhætta sem tengist jöfnunaraðgerð sem hann beitir á samning sem er fjárhagslega jafngildur sé ekki milduð nægjanlega skal láta stöðustofnun slíks samnings falla undir breytingar sem gerðar eru á þeirri jöfnunaraðgerð sem undanskilur skuldajöfnun slíks samnings. Slíkar breytingar skulu teljast verulegar breytingar á líkönum og kennistærðum miðlæga mótaðilans sem um getur í 28. og 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

3. Að því er varðar 2. mgr., skal „grunnáhætta“ merkja áhætta sem leiðir af hreyfingum sem fela í sér ófullkomna fylgni milli tveggja eða fleiri eigna eða samninga sem miðlægi mótaðilinn stöðustofnar.

14. gr.

#### **Samnýtt tryggingarþekja með samsvarandi samningum sem sami miðlægi mótaðilinn stöðustofnar**

Þegar miðlægur mótaðili reiknar út tryggingarþekju að því er varðar samnýtta tryggingarþekju (e. *cross-margining*) með samsvarandi samningum sem sami miðlægi mótaðili stöðustofnar (tryggingartaka vegna eignasafna) í samræmi við 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2013 og 27. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 <sup>(1)</sup> skal miðlægi mótaðilinn beita tryggingartökunálgun sinni vegna eignasafna á alla viðkomandi samsvarandi samninga án tillits til þess hvar viðskipti eru með samningana. Samningar með verulega og sannanlega fylgni, eða hæði á grundvelli jafngildrar tölfræðilegrar breytu, skulu njóta sömu jöfnunar eða lækkunar.

IV. KAFLI

#### **UMBREYTINGARFYRIRKOMULAG OG LOKAÁKVÆÐI**

15. gr.

#### **Tilhögun tilkynninga frá miðlægum mótaðila til lögbærs yfirvalds hans**

Þegar miðlægur mótaðili sækir um leyfi til að nýta sér umbreytingarfyrirkomulag sem um getur í 5. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal hann leggja fram skriflega tilkynningu til lögbærs yfirvalds síns og nota til þess eyðublað 1 sem er að finna í viðaukanum við þessa reglugerð.

16. gr.

#### **Tilhögun tilkynninga frá lögbæru yfirvaldi til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og fagráðs fyrir miðlæga mótaðila**

Viðkomandi lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni og fagráðinu fyrir miðlæga mótaðila skriflega um hverja ákvörðun um að samþykkja umbreytingarfyrirkomulag í samræmi við 5. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014, án ótilhlýðilegrar tafar og eigi síðar en einum mánuði eftir ákvörðunina, og nota til þess eyðublað 2 sem er að finna í viðaukanum við þessa reglugerð.

17. gr.

#### **Tilhögun tilkynninga frá viðskiptavettvangi til lögbærs yfirvalds hans varðandi upphaflega umbreytingartímabilið**

Þegar viðskiptavettvangur óskar eftir að vera ekki bundinn af 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal hann leggja fram skriflega tilkynningu til lögbærs yfirvalds síns og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og nota til þess eyðublað 3.1 og 3.2 sem er að finna í viðaukanum við þessa reglugerð.

18. gr.

#### **Tilhögun tilkynninga frá viðskiptavettvangnum til lögbærs yfirvalds hans varðandi framlengingu umbreytingartímabils**

Þegar viðskiptavettvangur óskar eftir að vera áfram óbundinn af 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 í þrjátíu mánuði til viðbótar skal hann leggja fram skriflega tilkynningu til lögbærs yfirvalds síns og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og nota til þess eyðublað 4.1 og 4.2 sem er að finna í viðaukanum við þessa reglugerð.

<sup>(1)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 153/2013 frá 19. desember 2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um kröfur fyrir miðlægra mótaðila (Stjtið ESB L 52, 23.2.2013, bls. 41).



*19. gr.***Nánari fyrirmæli um útreikning grundvallarfjárhæðar**

1. Í samræmi við 5. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal viðskiptavettvangur sem óskar eftir að vera óbundinn af 36. gr. þeirrar reglugerðar í þrjátíu mánuði frá deginum sem reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda taka með í útreikning sinn á árlegri grundvallarfjárhæð sinni öll viðskipti með afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi samkvæmt reglum hans á almanaksárinu áður en hún kemur til framkvæmda.

2. Að því er varðar útreikning á árlegri grundvallarfjárhæð sinni í samræmi við 5. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 fyrir árið áður en hún kemur til framkvæmda skal viðskiptavettvangur nota rauntölur um tímabilið sem þær eru tiltækar fyrir.

Ef viðskiptavettvangur hefur tiltæk gögn um minna en 12 mánuði af árinu áður en reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda skal hann leggja fram áætlaðar tölur um það ár og nota til þess eftirfarandi þrenns konar inntaksgögn:

- a) raungögn um lengsta mögulega tímabil frá og með byrjun ársins áður en reglugerð (ESB) nr. 600/2014 kemur til framkvæmda, þ.m.t. að lágmarki fyrstu átta mánuðina,
- b) raungögn um samsvarandi tímabil ársins á undan árinu sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar,
- c) raungögn um allt árið á undan árinu sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar.

Áætlaða talan fyrir árlega grundvallarfjárhæð skal reiknuð út með því að margfalda inntaksgögnin sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar með inntaksgögnunum sem um getur í c-lið annarrar undirgreinar og deila í þau með inntaksgögnunum sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar.

3. Ef viðskiptavettvangur óskar eftir því að vera áfram óbundinn af 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 í þrjátíu mánuði til viðbótar við lok fyrsta eða einhvers síðara 30 mánaða tímabils skal hann taka með í útreikning sinn á árlegri grundvallarfjárhæð sinni í samræmi við 5. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 öll viðskipti með afleiður sem viðskipti voru með á viðskiptavettvangi samkvæmt reglum hans á hvoru tveggja af samfelldum tveimur fyrstu árum þrjátíu mánaða tímabilsins á undan.

4. Séu aðrir ásættanlegir valkostir fyrir hendi við að reikna út árlegu grundvallarfjárhæðina fyrir tiltekna tegundir gerninga, en greinilegur mismunur er á gildunum sem slíkar reikniaðferðir leiða til, skal nota útreikninginn sem gefur hærra gildið. Einkum fyrir afleiður, svo sem framtíðarsamninga eða valrétti, þ.m.t. allar tegundir hrávöruafleiða sem gefnar eru upp í mælieiningum, skal árlega grundvallarfjárhæðin vera fullt virði undirliggjandi eigna afleiðunnar á viðkomandi verði á þeim tíma sem viðskiptin eru gerð.

*20. gr.***Samþykktar- og sannreynsluáðferð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar**

1. Að því er varðar sannreynslu í samræmi við d-lið 6. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 600/2014 skal viðskiptavettvangurinn leggja fram til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, samkvæmt beiðni, allar staðreyndir og tölur sem útreikningurinn byggir á.

2. Þegar Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin sannreynir tölur um framlagða árlega grundvallarfjárhæð skal hún einnig taka til athugunar viðkomandi eftirviðskiptagögn og árleg töluleg gögn.

3. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal samþykkja eða synja um undanþágu innan þriggja mánaða frá móttöku allra viðkomandi upplýsinga vegna tilkynningarinnar í samræmi við annað hvort 16. eða 17. gr., þ.m.t. upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 19. gr.

21. gr.

**Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Ákvæði 15., 16., 17., 19. og 20. gr. skulu þó koma til framkvæmda frá og með gildistökuþegi þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

## Eyðublað 1

## Tilkynning sem um getur í 15. gr.

Heiti miðlæga mótaðilans	Viðkomandi samskiptaupplýsingar	Heiti viðskiptavettvangs(a) sem eru í nánnum tengslum	Lögsaga/-sögur viðskiptavettvangs(a) sem eru í nánnum tengslum
		1. 2. 3. ...	1. 2. 3. ...

## Eyðublað 2

## Tilkynning sem um getur í 16. gr.

Heiti miðlæga mótaðilans	Viðkomandi samskiptaupplýsingar	Dagsetning ákvörðunar um samþykki	Upphaf- og lokadagsetningar umbreytingartímabils	Heiti viðskiptavettvangs(a) sem eru í nánnum tengslum	Lögsaga/-sögur viðskiptavettvangs(a) sem eru í nánnum tengslum
			Upphaf: Lok:	1. 2. 3. ...	1. 2. 3. ...

## Eyðublað 3.1

## Almenn tilkynning sem um getur í 17. gr.

Heiti viðskiptavettvangsins	Viðkomandi samskiptaupplýsingar	Heiti og lögsaga/-sögur viðskiptavettvanga í sömu samstæðu sem hafa staðfestu í Sambandinu	Heiti miðlægs/miðlægra mótaðila sem eru í nánnum tengslum
		1. 2. 3. ...	1. 2. 3. ...

## Eyðublað 3.2

## Tilkynning um grundvallarfjárhæð sem um getur í 17. gr.

Viðskiptavettvangur:	Grundvallarfjárhæð sem viðskipti voru með 2016
Eignaflokkur X:	
Eignaflokkur Y:	
Eignaflokkur Z:	
...	

*Eyðublað 4.1***Almenn tilkynning sem um getur í 18. gr.**

Heiti viðskiptavettvangsins	Viðkomandi samskiptaupplýsingar	Heiti og lögsaga/-sögur viðskiptavettvanga í sömu samstæðu sem hafa staðfestu í Sambandinu	Heiti miðlægs/miðlægra mótaðila sem eru í nánnum tengslum
		1. 2. 3. ...	1. 2. 3. ...

*Eyðublað 4.2***Tilkynning um grundvallarfjárhæð sem um getur í 18. gr.**

Heiti viðskiptavettvangsins:	Grundvallarfjárhæð fyrir ár sem hluta samfellds tímabils ...	Grundvallarfjárhæð fyrir ár sem hluta samfellds tímabils ...
Eignaflokkur X:		
Eignaflokkur Y:		
Eignaflokkur Z:		
...		